

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**775. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 17. desember 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Bréf Vegagerðarinnar.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 4. desember sl.
4. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 4. desember sl.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 6. desember sl.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Vegagerðarinnar dags. 7. desember sl. þar sem fjallað er um niðurfellingu vega af vegaskrá. Með vísan til bréfs Vegagerðarinnar til Húnaþings vestra dags. 16. maí 2012 er óskað upplýsinga frá sveitarfélaginu hvort umræddar götur/vegir séu í „viðunandi ástandi“ og hvað gera þurfi, að mati sveitarfélagsins, til að koma götunum/vegunum í það ástand að unnt sé að skila þeim til sveitarfélagsins. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar tæknideildar og felur sveitarstjóra að svara erindinu.
2. Fram lagt bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. desember sl. þar sem farið er yfir viðbrögð stofnunarinnar vegna framlagðrar úrbótaáætlunar Húnaþings vestra í kjölfar eftirlitskýrslu og athugasemda Umhverfisstofnunar á frávikum frá starfsleyfi urðunarstaðar að Syðri-Kárastöðum. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til skoðunar og afgreiðslu tæknideildar.
3. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar SSNV frá 4. desember sl.
4. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 4. desember sl.
5. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 6. desember sl.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Fram lagt bréf stjórnar Hollvinasamtaka Borðeyrar þar sem óskað er eftir fjárframlagi vegna áforma samtakanna um uppsetningu náttúrulegar á Borðeyri. Byggðarráð samþykkir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2012: Eignfærð fjárfesting Hitaveitu Húnaþings vestra lækkar um kr. 1.250.000- Sama fjárhæð færist á rekstur hitaveitunnar og verður greidd sem styrkur til Hollvinasamtaka Borðeyrar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð náttúrulegar.
7. Bréf Vegagerðarinnar lagt fram en þar er óskað eftir framkvæmdaleyfi vegna efnisnámu í landi Ytri-Kárastaða í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:52

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.